



### HAKIÐ VIÐ ÞAÐ SEM VIÐ Á

Við heimilisfólkið höfum sett okkur það markmið að gera heimilið okkar umhverfsvænna og nýta grænu skrefin sem leiðarvísir í þeirri vegferð.

Við erum farin að skipta út og nota meira af LED-perum á heimilinu því þær spara orku, lífa lengur og innihalda ekki nein skaðleg efni.

Við slökkvum ljósin í þeim herbergjum sem við erum ekki að nota og þegar við förum að sofa nema einhver sé myrkfælinn.

Við erum með þrjár vel merktar flokkunartunnur inni á heimilinu og höfum farið vel yfir hvert allt á að fara. Plast, pappír /pappi og skilagjaldsambúðir.

Við notum niðurbrjótanlega poka (t.d. maíspoka) í tunnur fyrir lífrænan og almennan úrgang.

Við skilum prenthylkjum, smáraftækjum, rafhlöðum, málningarafgöngum og ljósaperum til endurvinnslu.

Við höfum skoðað plastnotkunina okkar (Hægt að mæla gróflega á: [repurpose.global/](https://repurpose.global/)) og sett fram hugmyndir um hvernig við getum minnkað plastið. Allt frá tannburstanum til minni gosdrykkjaneyslu.

Við höfum sett niður hugmyndir um hvernig við getum dregið úr matarsóun en meðalfjölskyldan hendir 30% af matnum sem kemur inn á heimilið. Til dæmis með því að gera matseðil fyrir vikuna, nota afganga í nesti daginn eftir o.s.frv.

Við notum eingöngu margnota borðbúnað, svo sem diska, glös, rör, hnífapör, bolla, ílát o.fl.

Við höfum 80% af hreinlætisvörum og sápum heimilisins lífrænar og/eða umhverfsvottaðar. Þvottaefni, gólfþápa, handsápa, uppvottalögur o.fl.

Við notum fjölnota poka við öll innaup.

Við höfum fræðslukvöld þar sem við horfum á heimildarmynd eða skoðuðum ýmislegt á netinu sem tengist umhverfismálum.

graenatorgid.is





### HAKIÐ VIÐ ÞAÐ SEM VIÐ Á

Við stillum oftast á sparnaðarstillingu (Eco) á uppvotta- og þvottavélum og setjum þær ekki af stað hálfótmar.

Við notum þurrkarann í lágmarki og hengjum oft upp þvottinn á gamla mátann, inni eða úti eftir veðri.

Við veljum lífræna eða íslenska matvöru fram yfir aðra þegar það er í boði.

Við notum umhverfisvottaðan klósett-pappír, eldhúsrúllur og servíettur.

Við erum farin að flokka málma og gler og skila því til endurvinnslu.

Við veljum umhverfisvænar og vottaðar vörur eftir bestu getu og erum dugleg að spyrja eftir slíkri vöru í búðum. Þannig látum við seljandann vita að það er eftirspurn.

Við fatainnkaup veljum við gæði umfram magn. Við ákveðum að fyrir hverja nýja flík látum við eina gamla fara í nytjamarcað.

Við erum farin að ganga, hjóla eða taka strætó þegar því verður við komið.

Við reynum að samnýta ferðir og draga úr óþarfa skutli.

Við kaupum góð vetrardekk í stað nagladekkja til að minnka svifryksmengun.

Við höfum minnkað plastpöknotkun. Ef við þurfum að nota plastpoka þá notum við helst þá sem innihalda endurunnið plast eða þessu glæru, þunnu.





### HAKIÐ VIÐ ÞAÐ SEM VIÐ Á

Við notum umhverfisvæn eða Svansvottuð kerti.

Við notum margnota rafmagnskveikjara eða eldspýtur í stað einnota kveikjara.

Við söfnum matarafgöngum í moltukassa eða tunnu og búum til næringarríka gróðurmold úr matarafgöngum.

Við veljum umhverfisvænar og plastminni umbúðir við kaup á matvælum þegar það er í boði.

Við förum færri ferðir í búðina en fleiri, það sparar okkur dýrmætan tíma, orku og kolefnisspor.

Við veljum umhverfisvottuð raftæki með hæstu einkunn í orkunýtingu, A verandi best.

Við notum hleðslurafhloður í stað einnota rafhlaðna eða erum með tengingu við rafmagn.

Við nýtum nytjamarcaði og sölusiður með notuðum vörum þegar okkur vantar húsgögn eða smáhluti inn á heimilið.

Við erum farin að láta gera meira við hluti í stað þess að losa okkur við þá. Föt, tæki, húsgögn, smáhluti, hjól og skó.

Við skipulögðum a.m.k. einn til tvo fræðsluviðburði, þemadaga eða annað skemmtilegt tengt umhverfismálum.





## HAKIÐ VIÐ ÞAÐ SEM VIÐ Á

Við tökum farsíma sem og hleðslutæki úr sambandi að hleðslu lokinni. Það sparar rafmagnsnotkun og bætir líftíma rafhlöðunnar.

Við vöndum valið við kaup á nýjum tækjum, kaupum tæki sem endast, hægt að fá varahluti í og helst að þau skapi ekki meira drasl í framtíðinni eins og óendurvinnanleg kaffihylki og ryksugupokar.

Við höfum ákveðið hvernig við ætlum að kolefnisjafna ferðalög okkar (t.d. hjá Kolvið) og ferðast á sem vistvænasta hátt.

Við val á gistirými, bæði erlendis og innanlands, er lögð áhersla á að velja staði með umhverfisvottun á borð við Svaninn, Evrópublómíð, Græna lykilinn, gullmerki Vakans, ISO14001 eða sambærilega vottun.

Við veljum umhverfisvænt þegar við kaupum gjafir fyrir aðra og gefum jafnvel upplifanir í stað hluta.

Við eigum eitt eða fleiri farartæki sem notast við innlenda orkugjafa, s.s. rafmagn, vetni, metan og lífdísel.

Við gefum í stað þess að henda. Ef við þurfum að losa okkur við hluti sem ekki er lengur not fyrir, s.s. raftæki, borðbúnað, húsgögn, föt er fyrsta skref að koma þeim áfram til annarra aðila. Til dæmis gefa til nytjamarkaða (t.d. Góði hirðirinn, Rauði krossinn), selja eða gefa á Facebook (Brask og brall eða Allt gefins á Facebook) og Bland.is.

Við veljum oftar að hafa grænmetismat og fisk í matinn þar sem kolefnisspor slíkra máltíða er mun minna en kjöts.

Við kaupum helst ekki vörur sem innihalda pálmaolíu þar sem hún er talin valda eyðingu regnskóga sem þjóna mikilvægu hlutverki í loftslagsmálum og dýravernd. Ólían er oft kölluð Palmitate, Sodium Laureth Sulphate, Sodium Lauryl Sulphates, Glyceril Stearate, Stearic Acid og Steareth.

Við sýnum virðingu í verki með því að taka þátt í stærri verkefnum sem snúa að umhverfisvernd, s.s. strandhreinsun, tökum þátt í Stóra plokkeginum (plokki.is), Samgönguvíku, Degi íslenskrar náttúru eða Degi umhverfisins, a.m.k einu sinni á ári.

grænatorgid.is

